

OPIN VINNUSMIÐJA:

Nafnleyndin – hinn andlegi grundvöllur

sunnudag 11. mars kl. 10:00 - 13:00

Kæru félagar

Vinnusmiðja um nafnleyndina verður haldin sunnudaginn 11. mars 2018, kl. 10.00-13.00. Vinnusmiðjan er liður í því að styrkja féлага til að setja málefni og markmið ofar einstaklingum og að styðja við einstaklingsbata hvort sem um nýliða eða lengra komna er að ræða.

Eftirfarandi er meðal umræðuefna:

- Hvað felur nafnleyndin í sér; á fundum, í einkalífi, í fjölmiðlum?
- Hvernig hjálpar nafnleyndin til við batann; þróa auðmýkt, traust, trú á æðri mátt?
- Hvað gerir deildin/ég ef nafnleyndar er ekki gætt og vart verður við slúður?
- Hvernig getum við notað erfðavenjuna um nafnleyndina í fjölskyldunni?

Við heyrum í upphafi reynslusögur nokkurra féлага. Síðan skipta þátttakendur sér í umræðuhópa og ræða ákveðin atriði. Að loknum umræðum í hópum kynna félagar úr hverjum hópi helstu niðurstöður.

Við hvetjum alla til að mæta og leggja sitt af mörkum. Það virkar hvetjandi fyrir þá sem skipuleggja svona verkefni að fá sem flesta til að taka þátt. Um leið eflir það samtökin sem heild. Við vonumst til að sjá bæði nýliða og þá sem hafa verið lengi í samtökunum því reynsla allra er jafn mikilvæg.

Vinnusmiðjan er haldin í Sjómannahéimilinu Örkinni, Brautarholti 29 Reykjavík ská á móti Pítunni í Skipholti. Þátttaka er opin öllum Al-Anon félögum án endurgjalds, en þakklætispotturinn verður á sínum stað. Boðið er uppá veitingar í kaffihléi um kl. 11:30 og gott er að hafa með sér skriffæri og pappír.

Kveðja,
ráðstefnunefnd
